

**FUNDARGERÐ****HEITI FUNDAR HORNSTRANDANEFND 1. FUNDUR 2011**

Dags.fundar 6. júní 2011	Tími 16:00 – 17:30	Staður Umhverfisstofnun	Nr. fundar 01 2011
Fundarboðandi: Ólafur A Jónsson		Fundarritari: Jón Björnsson	
Fundarmenn: Erling Ásgeirsson, Matthildur Guðmundsdóttir og Ingvi Stígsson frá Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurbrepps, Andrea Harðardóttir frá Ísafjarðarbæ, Ólafur Jónssons frá Umhverfisstofnun, Jónas Gunnlaugsson, landvörður og Jón Björnsson frá Hornstrandastofu sem jafnframt ritaði fundargerð.			
Afrit sent til: Fundarmanna og byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar			
Markmið fundar: Hornstrandamál			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
1	1.mál, Framkvæmdir á prestbústaðnum á Stað í Aðalvík, UST20110500122 Rætt um endursmíði og breytingar á bíslagi (inngang) við Prestbústaðinn á Stað í Aðalvík. <i>Nefndin gerir ekki athugasemd við framkvæmdina, enda ekki um teljandi breytingar á húsinu að ræða.</i>		
2	2. mál, Upplýsingagögn til landeigenda/sumarhúsa eigenda 2011 Landverðir munu heimsækja öll hús í friðlandinu 2011, ræða við landeigendur og afhenda þeim möppu með helstu upplýsingum og leiðbeingum varðandi umgengi í friðlandinu. <i>Nefndin bendir á að gögn sem þegar eru til mætti fylgja möppunni s.s. samningur um byggingaleyfi og auglýsing um friðlandið á Hornströndum. Jafnframt að setja inn upplýsingar um hlutverk Umhverfisstofnunar í friðlandinu, störf landvarða og annað sem fróðlegt væri að vita.</i>		
3	3. mál, Yfirlit yfir sumarið 2011. Jón Björnsson skýrði frá sumarstarfi 2011. Rætt var um ný leiðbeingaskilti, staðsetningu þeirra og umfang. Jafnframt um ferðir landvarða og helstu verkefni. <i>Nefndin benti á nauðsyn þess að setja upp vegvísa á helstu aðkomuleiðum (Hesteyri, Sæból og Höfn), merkingu við staði þar sem sérstakrar aðgæslu er þörf (Posavogur) og nauðsyn þess að meta varhugaverðar gönguleiðir og lausn á þeim, ekki síst við forvaða. Jafnframt eru landverðir beðnir að huga að spottum sem nýttir eru sem handfestur víða í friðlandinu, s.s. við Tökin austan Hvarfnúps.</i>		
4	Önnur mál a) Fjarskipti. Rætt um fjarskipti í friðlandinu og þróun þeirra. Fundi slitið 17:10		